

samkvæmur. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í héraði verið vítalaus og fyrir yfirdómi hefir málsfærslan verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Halldór héraðslæknir Stefánsson greiði 200 króna sekt til landssjóðs. Áfengi það með iláti, er tekið var af kærða 5. ágúst f. á., skal verða eign landssjóðs.

Kærði greiði allan kostnað af málinu bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Ídæmda sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför, og dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

1/1917.

Guðmundur Sigurðsson
gegn
E. Morthens, Þórarni
Egilson o. fl.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Guðmundur Sigurðsson skipstjóri í Hafnarfirði fyrir sjórétti Hafnarfjarðarkaupstaðar gegn E. Morthens útgerðarmanni sama staðar til greiðslu á ógoldnu kaupí sínu sem skipstjóra á mótorskipinu »Reaper«, er gekk til sildveiða frá júlí til septemberloka 1914, kr. 147.72, svo og gegn eigendum skipsins þeim Þórarni Egilson útgerðarmanni, Ólafi V. Davíðssyni forstjóra og D. H. Bookless útgerðarmanni, öllum til heimilis í Hafnarfirði, til þess að fá viðurkendan með dómi veðrétt í skipinu fyrir kaupkröfu sinni samkvæmt 236. gr. 2. tölulið siglingalaganna 30. nóv. 1814.

Málið var dæmt í nefndum rétti 28. des. f. á. á þá leið, að E. Morthens skyldi greiða Guðmundi Sigurðssyni 131 kr. 42 au. með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1916 til greiðsludags; meðstefndir Þórarinn Egilson, Ólafur V. Davíðsson og D. H. Bookless voru þar á móti sýknaðir af kröfum áfrýjanda, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir nefndur skipstjóri skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. jan. þ. á., og krafist þess, að honum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir sjódóminum verði teknar til greina og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi E. Morthens hefir eigi mætt í réttinum og enginn af hans hendi, en fyrir hönd meðstefndra eigenda skipsins »Reaper« hefir þess verið krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er kemur til sýknuar þeirra af kröfum áfrýjanda, og

að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Með samningi dags. 21. júlí 1914 við stefnda E. Mortens réði áfrýjandi, Guðmundur Sigurðsson, sig skipstjóra á nefnt skip »Reaper«, er stefndi gerði út það sumar, til sildveiða fyrir Norðurlandi, meðan skipið stundaði veiðar þar, og skyldi áfrýjandi hafa í kaup 75 kr. fyrir hvern mánuð í peningum og ennfremur 15 aura í premíu á hvert sildarmál af sild, sem söltuð yrði og 35% af verði þeirrar sildar, sem seld yrði til bræðslu, og skyldi kaup og hlutdeild í afla falla í gjalddaga jafnóðum og afinn yrði lagður á land. — Ennfremur var ákveðið í samningnum að skipstjórinn skyldi hafa óskertan rétt (dispositions-rétt) yfir þeim hluta af afla skipsins, er honum bæri eftir samningnum, svo og þeim hluta aflans, er hásetarnir islenzku ættu að hafa af honum samkvæmt lögskráningunni, og skyldi E. Mortens engan rétt hafa til þess, að ráðstafa, selja, veðsetja eða láta af hendi þennan hluta aflans fyr en hann væri greiddur hlutaðeigendum, nfl. skipstjóra og hinum islenzku hásetum; svo var og skipstjóra heimilað að kvitta fyrir hönd allra fyrgreindra háseta skipsins.

Dómkrafa áfrýjanda var í undirrétti færð niður um kr. 12.50, með því rétturinn taldi eigi sannað, að honum bæri kaup fyrir dagana 10.—15. júlí 1914, og um kr. 3.80, með því að hann hefði eigi sannað, gegn neitun stefnda, að veidd hefði verið til söltunar fleiri sildarmál en $514\frac{2}{3}$. Með því yfirdómurinn felst á þessa niðurstöðu sjódómsins verður kaupkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina með hærri upphæð en í hinum áfrýjaða dómi, kr. 131.42, en þessa upp-

Það ber stefnda að greiða áfrýjanda með vöxtum eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Meðstefndir eigendur skipsins »Reaper« mótmæla kröfu áfrýjanda um að viðurkendum verði með dómi réttur hans til að gera fjárnám í skipinu »Reaper« og láta selja það við opinbert uppboð fyrir kröfu áfrýjanda á hendur E. Morthens. Halda þeir því fram, að áfrýjandi hafi ekki eignast neinn sjóveðrétt í »Reaper«, með því að áfrýjandi hafi verið hluthafi í útgerð skipsins, og kröfur hans á hendur E. Morthens séu því ekki um kaup eða þóknun fyrir vinnu heldur um ógreiddan arð af fyrirtækinu. Þessa staðhæfingu sína rökstyðja þeir við það, að áfrýjandi hafi átt samkvæmt áðurnefndum samningi að fá 35% af verði þeirrar síldar, er seld yrði til bræðslu og 15 aura af sildarmáli, er selt yrði til söltunar, og sérstaklega við ákvæði samningsins um, að áfrýjandi skyldi hafa óskertan »dispositionsrétt« yfir sínum hluta aflans og meira að segja yfir þeim hluta aflans, er skipshöfnin átti að fá. — Á þetta verður þó eigi fallist, því að skipstjórinn verður eigi talinn útgerðarmaður skips, þótt laun hans að nokkru leyti séu miðuð við hundraðsgjald af andvirði aflans eða við sildarmál, er á skipið veðist, svo sem gert hefir verið í nefndum samningi milli áfrýjanda og E. Morthens, og ekki heldur verður þetta byggt á umráðarétti þeim yfir nokkrum hluta aflans, er áfrýjanda var áskilinn í samningnum, með því ekkert bendir til þess, að þetta ákvæði hafi verið sett í samninginn í öðru skyni en því, að tryggja skipstjóra og skipshöfn að þeir fengju kaup sitt skilvíslega greitt.

Þá halda stefndu því fram, að þótt svo yrði álitid að krafa áfrýjanda gegn E. Morthens væri kaupkrafa, þá eigi áfrýjandi engan sjóveðrétt fyrir henni, með því að sjóveðréttur sé að eins heimilaður fyrir kröfum, sem ekki eru trygðar á annan hátt, en með því að áfrýjanda hafi verið áskilinn ráðstöfunarréttur yfir aflanum hafi krafa áfrýjanda verið eins vel trygð og frekast var ákosið, og það hafi því verið trassaskap áfrýjanda einum um að kenna, að hann fekk eigi kaup sitt greitt skilvíslega, þar sem hann í stað þess að gæta réttar síns, hafi látið Morthens ráðstafa öllum aflanum, og vilji nú kasta ábyrgðinni af hirðuleysi sínu yfir á stefndu. Þessi sýknuástæða getur heldur eigi komið til greina, með því að það er hvergi ákveðið í siglingalögunum, að krafa, sem sjóveðsréttur fylgir, tapi þessum rétti, ef hún er trygð á annan hátt, og með því ekkert bendir til þess, að umrætt ákvæði um ráðstöfunarrétt skipstjórans hafi verið sett í samninginn vegna eigna skipsins »Reaper«, eða til að tryggja þá gegn kröfum skipshafnar samkvæmt 236. gr. 2. málsgrein siglingalaganna verður eigi séð, að þeir eigi neina sök á hendur áfrýjanda, þótt hann hafi eigi notað þennan ráðstöfunarrétt til að tryggja sér greiðslu á kaupi sínu.

Þá halda stefndu því fram, að þótt áfrýjandi kynni að hafa haft sjóveð í »Reaper«, þá væri sá réttur nú fyrndur samkvæmt 252. gr. siglingalaganna, með því að þetta mál sé höfðað meira en ári eftir að starfstíma áfrýjanda lauk á »Reaper«.

Gagnvart þessu hefir áfrýjandi skýrt frá því, að

starfstíma áfrýjanda hafi að vísu verið lokið í september 1914, en með stefnu dags. 5. júní 1915 hafi mál verið höfðað útaf kröfum skipshafnarinnar á »Reaper« gegn E. Morthens og þáverandi eigendum skipsins og það mál dæmt sjóðómi Reykjavíkur 27. des. 1915. Þeim dómi var áfrýjað til yfirdóms, en en þar var málinu með dómi réttarins, uppkveðnum 10. apríl 1916, vísað frá sjóðóminum sökum ólöglegrar málasmsteypu.

Þar sem hið fyrra mál var höfðað í tæka tíð, og þar sem mál það, er hér ræðir um, hefir verið höfðað innan 6 mánaða frá því nefndur landsyfírréttardómur var kveðinn upp, verður eigi fallist á, að sjóveðrétturinn fyrir kröfu áfrýjanda sé fyrndur, sbr. lög nr. 14, 20. okt. 1905, 11. gr., og hefir það eigi nein áhrif í þessu efni, að eigendaskifti hafa orðið að veðinu eftir að hið fyrra mál var höfðað.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefnda rétt til að undangengnu fjárnámi að láta selja nefnt skip »Reaper«, eign hinna stefndu, til greiðslu á framannefndri kröfu hans á hendur E. Morthens með kostnaði við aðför og uppboð.

Málkostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinir stefndu eigendur skipsins »Reaper« áfrýjanda, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi E. Morthens greiði áfrýjanda, Guðmundi Sigurðssyni, 131 kr. 42 a. með 6% árs-

vöxtum frá 1. júlí 1916 til greiðsludags. Til greiðslu hins ídæmda með kostnaði við aðför og uppboð er áfrýjanda rétt, að undangengnu fjárnámi, að láta selja nefnt skip »Reaper«, eign stefnda Þórarins Egilson, Ólafs V. Davíðssonar og D. H. Bookless.

Málskostnaður fyrir undirrétti fellur niður, en málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinir stefndu Þórarinn Egilson, Ólafur V. Davíðsson og D. H. Bookless áfrýjanda in solidum með 40 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

Nr. 3/1917.

Siggeir Torfason
gegn

Sigurði Ingimundarsyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi, Siggeir Torfason kaupmaður í Vestmannaeyjum höfðaði mál þetta fyrir gestarétti þar gegn stefnda, Sigurði Ingimundarsyni útgjörðarmanni sama staðar til greiðslu á verzlunarskuld að upphæð kr. 448.75, en með dómi gestaréttarins uppkveðnum 19. ágúst f. á., voru aðeins 125 kr. 85 a. af þessari kröfu með vöxtum frá 23. febr. 1912 teknar til